

## Bergsteinn Sigurðarson

Mín fyrsta minning um Bergstein afa minn var þegar ég heimsótti hann sem barn og sá stundaglas í fyrsta skipti. Ég greip glasið með fiktsömum höndum, sneri því og horfði hugfanginn á sandkornin streyma niður. Þá heyrði ég sagt fyrir aftan mig: „sandurinn fer niður á jafnlöngum tíma og tekur að sjóða egg”. Ég sneri mér við snögglega og sagði „ég veit það” jafnvel þó ég vissi það raunar ekki. Bergsteinn svaraði sposkur á svip; „þú veist bara allt.”

Ég á ekki margar bernskuminningar um Bergstein. Við þjuggum á sitt hvoru landshorninu. Hann og amma slitu samvistum stuttu áður en móðir mín fæddist og við lifðum dálítið aðskildu fjölskyldulífi. Ég kynntist Bergsteini aftur á móti þegar ég var orðinn fulltíða og fluttur á sama landshorn og hann. Ég heimsótti hann þó nokkrum sinnum og naut gestrisni hans og Unnar. Þau voru höfðingjar heim að sækja. Ég minnst margra skemmtilegra kvölda með þeim og mér fannst við ná ágætlega saman. Bergsteinn var þó dulur og vildi sem minnst um sjálfan sig tala. Pólitík og atburðir líðandi stundar voru hans eftirlætis umræðuefni þegar við ræddumst við. Ég komst ekki hjá því að sjá hve góðum gáfum hann var gæddur og hafði einkar gott vald á íslensku, bæði í bundnu sem óbundnu máli. Hann var einnig vel lesinn. Ég velti því stundum fyrir mér hvort hann hefði haft einhvern metnað í þá átt að skrifa þegar hann var ungur, en hann var smiður að atvinnu.

Bergsteinn hafði dálítið dreymandi yfirbragð. Hann var settlegur og fumlaus í hreyfingum en þó yfirlætislaus. Á máli fornsagnanna hefði hann kallast kurteis eða prúður en þessi orð hafa því miður mun sértækari merkingu nú á tímum en þekktist fyrir. Hann var gjarn að spauga og flestum fremri í skopkvæðum – limrum. Ég er ekki frá því að hann hafi haft töluverðan sjarma. Hann var barngóður og ég sá að mín eigin börn löðuðust að honum og treystu honum. Svo gerðu reyndar fleiri. Bergsteini var treyst fyrir ábyrgð í ýmsum félagasamtökum og síðast var hann formaður félags eldri borgara. Það finnst mér benda til þess að hann hafi haft bæði virðingu og vinsældir síns samferðafólks vegna verðleika sinna því ég get ekki séð hann fyrir mér trana sér fram. En hann var þéttur fyrir – allt að því þrjóskur – og líklega ekki gefinn fyrir að gefa eftir hlut sinn að óreyndu.

Sléttum 30 árum eftir að ég sneri við stundaglasi í húsi Bergsteinn afa míns var ég kallaður að dánarbeiði hans. Ég sat hjá honum og horfði á síðustu sandkornin í stundaglasi

hans falla niður. Hann var vel undirbúinn og tók með æðruleysi á móti því sem í vændum var. Ég var ekki jafn undirbúinn. Það voru margir hlutir sem ég hefði viljað ræða við hann í heimsóknnum sem ég ekki fór. Eftir á að hyggja velti ég því fyrir mér hvað við áttum sameiginlegt og að hversu miklu leyti hann lifir áfram í mér og börnunum mínum. En er ég sat við höfðagafli hans þetta kvöld datt síðasta sandkornið snögglega niður og tíminn var uppurinn. Þá sá ég hann hafði rétt fyrir sér. Þegar lítið er til baka virðist lífið hafa runnið hjá á styttri tíma en tekur að sjóða egg. Og ég veit ekki allt.